

Stefna Landspítala um ráðningarfyrirkomulag sérfræðilækna

Samþykkt í framkvæmdastjórn Landspítala þann 6. febrúar 2017

Tilgangur: Tilgangur þessarar stefnu er að bæta þjónustu, auka öryggi sjúklinga og stytta meðallegutíma.

Stefnan:

- Að auka meðalstarfshlutfall sérfræðilækna við LSH, þannig að sem flestir sérfræðilæknar verði í fullu starfi og/eða starfi eingöngu á vegum Landspítala.
- Að allar ákvarðanir um hlutastörf sérfræðilækna verði teknar á forsendum starfseminnar og út frá þörfum sjúklinga.

Aðgerðir:

Helstu aðgerðir til framkvæmdar ofangreindrar stefnu eru eftirfarandi:

1. Nýir sérfræðilæknar verða ráðnir í fullt starf, og/eða á þeim forsendum að þeir muni ekki starfa annars staðar.
2. Undantekningar frá þessu verða eingöngu gerðar þegar starfsemin kallar á hlutastarf, til dæmis vegna mikillar sérhæfingar eða vegna vaktabyrði og reglna um hvíldartíma.
3. Sérfræðilæknar sem hyggjast hefja störf annars staðar eða auka við slík störf, geta ekki vænst þess að hlutastarf verði samþykkt, nema það henti þörfum sjúklinga og starfsemi.
4. Allir yfirlæknar séu eingöngu við störf á LSH frá og með 1. janúar 2018.
5. Sérfræðilæknar í hlutastarfi verða studdir til að deila einu starfi, en í því felst að deila ábyrgðinni á samhæfingu og upplýsingagjöf, til að starfsemin geti gengið sem líkast því að um einn starfsmann væri að ræða (job sharing).
6. Aukastörf sérfræðilækna verði rædd í árlegu starfsmannasamtali (faglegur ávinningur, áhrif á starfsgetu/álag og mögulegir hagsmunaárekstrar).
7. Vinnuskipulag sérfræðilækna verður endurskoðað, með tilliti til verkefna og aukinnar þátttöku í framlínu þjónustunnar, þ.m.t. göngudeildarstarfsemi.

Markmið: Að meðalstarfshlutfall sérfræðilækna á LSH verði 85% í upphafi árs 2019 (er rúmlega 70% nú) og að hlutfall í 40% starfi eða minna verði ekki yfir 10% (19% nú).

Árangursvísar: Ársfjórðungslega verður skoðað meðalstarfshlutfall sérfræðilækna, eftir sviðum og sérgreinum, auk hlutfalls í 40% starfi eða minna og hlutfalls í 80% starfi eða meira.

Ábyrgð: Framkvæmd stefnunnar er á ábyrgð yfirlækna og framkvæmdastjóra sviða.